



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 16. maí 2018

Efni: Brekkugata 5, umsögn vegna fyrirspurnar um gerð bílastæðis á lóð., 1805241

Þann 9.5. sl. leggur Andrew Kurtis Ibsen inn fyrirspurnarerindi til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir að útbúa bílastæði á lóðinni við Brekkugötu 5.

Brekkugata stendur undir Hamrinum. Mikla jarðvegsvinnu þarf til að útbúa bílastæði svo innarlega á lóð og má reikna með að fleyga þurfi til að komast niður. Jafnframt þarf að rjúfa hleðslu í götu.

Þótt hleðslurnar hafi ekki náð þeim aldri að falla undir lög um menningarminjar hefur verið horft til þess að vernda þessa veggj sem hluta af götumyndinni, enda hafa þeir mikil áhrif á heildaryfirbráð hennar.

Hverfisvernd er á húsunum við Brekkugötu sem sum hver eru nú friðuð eða eru umsagnarskyld sk. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Óvíst er um undirstöður þeirra og hvort mikið jarðsrask geti haft áhrif á þær.

Einnig þarf að huga að göturýminu, aðkomu til og frá bílastæði á lóð. Umrætt hús stendur á þeim stað þar sem mestu þrengslin eru í götunni.

Í tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Lækjargötu 2, sem nú er í auglýsingu, er lagt til að komið verði til móts við bílastæða þörf í Brekkugötu m.a. með því að eigendum húsa gefist kostur að leigja bílastæði í kjallara nýs húss við Lækjargötu 2 (Dvergsreit) og einnig að komið verði fyrir 3 bílastæðum neðst í götunni, líkt og gildandi skipulag Lækjargata-Hamar gerir ráð fyrir.

Tekið er neikvætt í fyrirspurnina í ljósi ofangreindra atriða.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt